

ÁLYKTUN FULLTRÚA UMHVERFISSVIÐA SVEITARFÉLAGA Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU UM KANÍNUR.

Þann 27. nóvember 2013 hittust fulltrúar allra sex sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu á fundi í skrifstofu Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) til að ræða málefni dýra sem valda tjóni eða ónæði. Þar var meðal annars rætt um villtar kanínur og vandamál þeim tengd. Í kjölfar stöðumats og umræðna um útbreiðslu kanína, tjón af þeirra völdum og aðgerðir sem hafa átt sér stað í hverju sveitarfélagi fyrir sig var eftirfarandi ályktun samþykkt:

„Kanínur finnast nú villtar á allmörgum stöðum á höfuðborgarsvæðinu og í fimm af sex sveitarfélögum (Seltjarnarnes undanskilið). **Hefur útbreiðsla þeirra aukist verulega á síðustu árum, einkum á gróðursælum stöðum þar sem garðyrkja og skógrækt fer fram. Hlýnandi loftslag og aukin gróðurþekja stuðlar að því að fleiri kanínur þrauka veturinn og þar af leiðandi aukast líkur á að viðvarandi stofn styrkist mjög á næstu árum.**

Vitað er að kanínur valda töluverði tjóni á gróðri þar sem þær ná sér á strik og verða garðeigendur þess varir í vaxandi mæli. Þá er þekkt að kanínur séu að hlaupa yfir umferðargötur og fylgir því töluverð slyshætta. Þá eru vistfræðileg rök fyrir því að kanínur eigi ekki heima í íslenskri náttúru enda eru þær skráðar héraendis sem mögulega ágeng framandi tegund sem gæti raskað jafnvægi íslenskra vistkerfa og að mati Náttúrufræðistofnunar Íslands ber að útrýma þeim eða a.m.k. hafa mjög stranga stjórn á stofnstærð þeirra.

Þótt vandamál og tjón sem fylgir kanínum á höfuðborgarsvæðinu sé í flestum tilfellum staðbundið og tilfallandi þá er ljóst að þeim fer fjölgandi samhliða aukinni stofnstærð og útbreiðslu kanína. Ef ekki er gripið inn í með fækkunaraðgerðum af einhverju tagi þá er allmikil hættu á að fjölgun kanína nái því stigi að tjón af þeirra völdum verði mikið og útbreitt. Því mun fylgja töluverður kostnaður fyrir sveitarfélögin.

Það er því ályktun undirritaðra að skynsamlegt sé að íhuga af alvöru hvort ráðast eigi í umtalsverðar fækkunaraðgerðir á höfuðborgarsvæðinu öllu og þá fyrr en seinna áður en vandamálið stigmagnast. Með umtalsverðum fækkunaraðgerðum er átt við að fjarlægja kanínur af stórum hluta útbreiðslusvæðis þeirra, sérstaklega þar sem þéttleiki þeirra er mjög mikill, tjón eða hættu á tjóni er mikil og hættu á að þær dreifi sér til nálægra svæða er hvað mest. Þess ber að geta að kanínur eru friðaðar samkvæmt lögum um veiðar og vernd villtra dýra nr. 64/1994 og þarf að sækja um leyfi til Umhverfisstofnunar til að slíkar fækkunaraðgerðir geti átt sér stað.

Jafnframt álykta undirritaðir að nauðsynlegt er að upplýsa almenning um að ekki skuli sleppa gælukanínum út í náttúruna. Það sé kanínunum ekki til framdráttar því margar þeirra lifa ekki af veturna. Því varðar þetta mál einnig velferð þessara gæludýra. Í nýjum lögum nr. 55 (2013) um velferð dýra sem taka gildi 1. janúar 2014 segir í 23. grein að það sé með öllu óheimilt að sleppa dýrum sem hafa alist upp hjá mönnum út í náttúruna í þeim tilgangi að þau verði þar til frambúðar. Með því að leggja áherslu á að um lögbrot sé að ræða gæti það aðstoðað við að draga úr því að kanínueigendur sleppi þeim lausum.

Mál þetta er vissulega viðkvæmt enda líkar mörgum íbúum höfuðborgarsvæðisins vel við þá hugmynd að hafa kanínur villtar eða hálf-villtar á útivistarsvæðum í þéttbýlinu. Eru t.d. þekkt dæmi um að þeim sé gefið á veturna og þar sem margar þeirra eru gæludýr sem hefur verið sleppt eru þær gjarnan hendar að mannfólki. Engu að síður er það fagleg ályktun undirritaðra að ekki sé hægt að

horfa fram hjá þeim rökum sem hér hafa verið nefnd sem styðja fækkunaraðgerðir. **Að sjálfsögðu leggja fundarmenn áherslu á að þær veiðiaðferðir sem notaðar eru við fækkun séu í senn skilvirkar og mannúðlegar. Vinna þarf að áætlun þar sem útbreiðsla kanína á höfuðborgarsvæðinu er kortlögð gaumgæfilega, þau svæði skilgreind þar sem nauðsynlegt er að fjarlægja kanínur og fækkunaraðgerðir mótaðar.**

Það er ósk undirritaðra að málið sé tekið upp hjá stjórn Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu við fyrsta tækifæri.“

Eftirtaldir sátu fundinn:

Guðmundur Benedikt Friðriksson, skrifstofustjóri Skrifstofu umhverfisgæða, Reykjavíkurborg

Snorri Sigurðsson, sérfræðingur á Skrifstofu umhverfisgæða, Reykjavíkurborg

Erla Bil Bjarnadóttir, umhverfisstjóri Garðabæjar

Friðrik Baldursson, garðyrkjustjóri Kópavogs

Helga Stefánsdóttir, forstöðumaður Skrifstofu umhverfis og framkvæmda, Hafnarfirði

Ishmael Roberto Davis, tæknifræðingur á Skrifstofu umhverfis og framkvæmda, Hafnarfirði

Margrét Pálsdóttir, formaður Umhverfisnefndar Seltjarnarnesbæjar

Steinunn Árnadóttir, garðyrkjustjóri Seltjarnarnesbæjar

Tómas Guðberg Gíslason, umhverfisstjóri Mosfellsbæjar